Nd. **199. Breytingartillögur** [2. mál]

við frv. til l. um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (JörB og ÁB).

1. 1. gr. fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lögreglustjórar og í Reykjavík borgarfógeti skulu, hver í sínu lögsagnarumdæmi, annast skráningu atvinnurekstrar, sem skylt er eða heimilt að skrá hér á landi. Skráningarstjóri merkir í lögum þessum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða borgarfógetann í Reykjavík.
3. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:
   Halda skal hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrár samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrár skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.